

29.	Gjöld samkvæmt 19. gr. 3. fjárlaga	kr.	3 000 000.00	kr.	2 750 292.15
30.	— — 19. — 4. —	—	6 000 000.00	—	
31.	— — 19. — 5. —	—	6 500 000.00	—	11 649 058.60
32.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	kr.	111 876 355.00	kr.	191 677 521.37
	Mismunur .....	—	428 935.00	—	33 371 186.86
			kr. 1 588 668 000.00	kr. 1 734 821 517.74	

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*